



Sýslumaðurinn Kópavogi



Ársskýrsla 2007

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rekstur embættisins	4
1. Rekstrarkostnaður embættisins.....	4
2. Samanburður á rekstrarkostnaði og fjárheimildum frá 1998 til 2007	4
3. Húsnæði embættisins.	5
4. Þróun byggðar í Kópavogi	5
4.1. Íbúafjölgun frá 1992.....	5
4.2. Aukin atvinnustarfsemi	6
4.3. Áhrif byggðapróunar á rekstur embættisins.	6
Starfsemi embættisins	7
1. Deildaskipting samkvæmt skipuriti	7
2. Starfsmenn.....	7
3. Lögfræðideild	8
3.1. Þinglýsingar	9
3.2. Aðfarargerðir	9
3.3. Nauðungarsala	10
3.5. Sifjamál	10
3. 6. Dánarbú	13
3. 7. Önnur mál.....	13
3.8. Útgáfa á leyfum og skírteinum	14
4. Innheimtudeild.....	14
5. Tryggingadeild	15
Nokkur atriði er varða stjórnun embættisins, félagsmál o. fl.	16
1. Aðgerðir á grundvelli árangursstjórnunarsamnings.	16
2. Starfsmannastefna.....	17
2.1. Starfsmannaviðtöl	17
2.2. Heilbrigðisstefna	17
2.3. Fræðslustefna.....	17
3. Félagsmál starfsmanna.....	17
3.1. Starfsmannaferð	17

I

Inngangur

Ársskýrsla þessi er í svipuðu formi og ársskýrslur síðustu ára. Tölulegar upplýsingar sem birtast í skýrslunni ná ekki aðeins til ársins 2007 heldur er gerður samanburður á málafjölda og ýmsum tölulegum upplýsingum þessa árs miðað við nokkur síðustu ár.

Um áramót 2006 og 2007 urðu veigamiklar breytingar á embætti sýslumannsins í Kópavogi. Með lögum nr. 46/2006 var löggæslan á öllu höfuðborgarsvæðinu sameinuð. Þannig fluttust verkefni löggæslunnar í Kópavogi og ákærvald, sem lögreglustjórar fara með lögum samkvæmt, frá sýslumannsembættinu til hins nýja lögreglustjóraembættis á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglustöð fyrir Kópavog er þó starfrækt í sama húsnæði og áður. Skýrsla þessi tekur eðlilega mið af þessum breytingu.

Sýslumannsembættin eru einar elstu stofnanir í landinu. Þær hafa gegnt veigamiklu hlutverki í stjórnarsýslu ríkisins. Í árána rás hafa orðið breytingar á verkefnum þeirra sem er eðlileg þróun. Opinber stjórnarsýsla mun væntanlega breytast á næstu árum og í auknum mæli verður ný tækni tekin í notkun sem gerir rafræn samskipti milli þeirra sem veita þjónustu og þeirra sem njóta hennar auðveldari. Það hefur verið stefna núverandi dómsmálaráðherra að fækka ekki sýslumannsembættunum heldur frekar að færa þeim aukin verkefni. Þetta getur verið hagkvæmt bæði fyrir ríkið og þegnana.

Undirritaður hefur gegnt sýslumannsembættinu frá 1. júlí 1992 en lætur af starfi 31 maí 2008. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar. Íbúum í Kópavogi hefur fjölgað um 70%. Verulegur hluti byggðar í Kópavogi, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði er sunnan Kópavogslækjar þar sem nær engin byggð var fyrir 1992. Talsverðar breytingar hafa orðið á rekstri embættisins á þessum tíma eins og annarra ríkisstofnana og verður síðar í þessari skýrslu vikið að því.

Þorleifur Pálsson, sýslumaður

II Rekstur embættisins

1. Rekstrarkostnaður embættisins

Árið 2007 er fyrsta árið eftir að löggæslan í Kópavogi var færð frá sýslumannsembættinu til hins nýja embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Því er rekstrarkostnaður embættisins í heild ekki sambærilegur við kostnað fyrri ára.

Rekstrarreikningur 2007

Sértekjur	2.362.806
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	119.367.209
Funda- og ferðakostnaður	1.049.198
Vörur	3.923.219
Þjónusta	15.540.045
Húsnæðiskostnaður	28.101.436
Eignakaup	2.469.713
Tilfærslur o. fl.	316.932
Gjöld samtals	170.767.752
Gjöld að frádregnum tekjum	168.404.946
Framlag samkvæmt fjárlögum ársins	171.300.000
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	2.895.054

Sýslumannsembættið annaðist á árinu rekstur alls þess húsnæðis sem það hafði áður á leigu að Dalvegi 18 en endurkrafði lögregluembættið síðan um hlutdeild þess í rekstrinum. Hluti af sértekjum er endurgreiðsla lögregluembættisins vegna ræstingar. Húsnæðiskostnaður samkvæmt yfirlitinu er hærri en hann á í raun að vera þar sem síðasta endurgreiðsla frá lögregluembættinu var ekki greidd fyrr en á árinu 2008.

2. Samanburður á rekstrarkostnaði og fjárheimildum frá 1998 til 2007

Hér er gerður samanburður á rekstrarkostnaði og fjárheimildum allt frá árinu 1998. Einnig er sýnt hlutfall rekstrarkostnaðar milli skrifstofusviðs og löggæslusviðs. Hluttur löggæslunnar hefur farið stækkandi og farið yfir 58% flest síðustu árin fram til 2006.

Ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjárheimildir	203.843	223.959	238.644	280.106	307.810	315.374	340.601	375.909	394.359	176.348
Rekstrarkostnaður										
Skrifstofusvið	91.480	98.023	102.715	133.677	130.385	129.410	137.956	154.635	158.979	168.405
<i>Hlutfall af heild</i>	47,0	45,5	44,9	47,6	42,5	41,7	41,7	43,4	41,5	
Löggæslusvið	103.100	117.305	125.998	147.121	176.237	181.193	193.091	201.575	224.514	
<i>Hlutfall af heild</i>	53,0	54,5	55,1	52,4	57,5	58,3	58,3	56,6	58,5	
Samtals	194.580	215.328	228.713	280.798	306.622	310.603	331.047	356.210	383.493	168.405
Rekstrarafgangur/halli	9.263	8.631	9.931	-692	1.188	4.771	9.554	19.699	10.866	7.943

Rétt er að vekja athygli á því að fjárheimildir hvers árs sem tilgreindar eru í framangreindu yfirliti er fjárframlag samkvæmt fjárlögum hvers árs að viðbættum tekjuafgangi eða eftir atvikum tekjuhalla fyrra árs.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að við fjárlagagerð fyrir árið 2007 voru fjárveitingar til embættisins lækkaðar vegna þeirra breytinga sem áttu sér stað í ársbyrjun 2007 þegar löggæslan var færð frá embættinu til lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu. Við uppgjör ársins 2006 var tekjuafgangur kr. 10.144 þús. Þeirri fjárhæð var síðan skipt milli sýslumannsembættisins og lögregluembættisins allt samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins. Í Hlut sýslumannsembættisins komu kr. 5.048 þús. sem bættust við fjárframlag ársins 2007.

3. Húsnæði embættisins

Embættið flutti í nýtt húsnæði að Dalvegi 18 í byrjun júní 2001. Húsið er í eigu Málningar ehf. Það er innréttað eftir þörfum embættisins. Umskiptin að flytja úr hinu eldra húsnæði í Auðbrekku 10 í hið nýja húsnæði voru mikil og góð fyrir embættið. Frá því húsnæðið var upphaflega tekið í notkun hafa verið gerðar breytingar á því, m. a. var biðrymi á 3. hæð afmarkað betur frá vinnusvæðinu og loftræsikerfi komið upp í skrifstofuhluta embættisins.



4. Þróun byggðar í Kópavogi

4.1. Íbúafjölgun frá 1992

Íbúafjöldi í Kópavogi var 1. desember 2007 28.561. Á árinu hafði fjölgað um 1.025 manns. Íbúafjölgun hefur verið stöðug síðan 1993. Miðað við íbúaskráningu 1. desember 1992 hefur íbúum í Kópavogi fjölgað um 11.721 manns eða um 70%. Sé íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu skoðuð sérstaklega kemur í ljós að í norður hluta þess, þ. e. í Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Kjósarhreppi, hefur á sama tímaþbúum fjölgað

um 18% og í syðsta hluta þess, þ. e. í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi um 29%. Á sama tíma fjölgaði íbúum á öllu landinu um 19%. Af þessu má sjá að fólksfjölgun, hefur orðið langmest í Kópavogi.

4.2. Aukin atvinnustarfsemi

Á síðustu árum hefur fyrirtækjum í Kópavogi fjölgað og verslunarrými aukist verulega. Nægir í því sambandi að nefna Smáralind og háhýsið við Smáratorg.

4.3. Áhrif byggðapróunar á rekstur embættisins.

Verkefni embættisins hafa aukist nokkurn veginn í hlutfalli við íbúafjölgun og aukna atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu. Hér á eftir verða birtar tölulegar upplýsingar um málafjölda á flestum sviðum embættisins.

III

Starfsemi embættisins

Í þessum kafla er gerð nánari grein fyrir starfsemi embættisins svo og birtar tölulegar upplýsingar um afgreiðslur mála.

1. Deildaskipting samkvæmt skipuriti

Skipurit fyrir skrifstofusvið var gert í apríl 2001 og samþykkt af dómsmálaráðuneytinu. Skipuritið gerir ráð fyrir eftirfarandi deildaskiptingu:

Lögfræðideild

Lögfræðideilin skiptist í tvær einingar. Annars vegar er um að ræða þinglýsingarhluta deildarinnar sem hefur aðsetur á 1. hæð í húsinu. Þar starfa einn lögfræðingur og tveir aðrir starfsmenn. Hins vegar er starfsemi deildarinnar á 3. hæð en þar eru unnin öll venjubundin verkefni sem lögfræðingum er ætlað að annast. Í þeim hluta deildarinnar starfa auk sýslumanns, þrjú lögfræðingar í tveimur og hálfu stöðugildi. Þar af er einn þeirra staðgengill sýslumanns og er jafnframt skrifstofustjóri. Í þessum hluta deildarinnar starfa einnig tveir ritarar.

Innheimtudeild

Verkefni innheimtudeildar er innheimta allra gjalda til ríkissjóðs. Auk deildarstjóra starfa þrjú starfsmenn í deildinni.

Tryggingadeild

Deildin annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins bæði á sviði lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Auk deildarstjóra starfa í deildinni tveir starfsmenn.

Skrifstofudeild

Undir deildina heyra nokkur ólík verksvið sem eru eftirfarandi:

Bókhald

Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi embættisins og heyrir beint undir sýslumann.

Fjárvarsla

Aðalgjaldkeri ber ábyrgð á þessu sviði. Auk hans starfa tveir gjaldkerar. Aðalgjaldkeri hefur jafnframt umsjón með ræstingu húsnæðisins en allt frá 2005 hefur fastráðinn starfsmaður annast ræstingu þess.

Ökuskírteini og vegabréf og símavarsla

Við útgáfu ökuskírteina og vegabréfa starfa einn til tveir starfsmenn en einn starfsmaður við símavörslu.

2. Starfsmenn

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir að íbúum í Kópavogi hefur fjölgað um 70% frá árinu 1992. Ætla má að veruleg fylgni sé milli íbúafjölgunar og aukinna verkefna embættisins. Til fróðleiks má geta þess að á árinu 1992, eftir að dómsmál voru flutt frá embættinu, voru heimiluð stöðugildi í skrifstofuhluta embættisins 28 talsins. Í árslok 2007 voru stöðugildi í reynd í embættinu nálægt 23.

Spyrja mætti hver sé skýring á því að nú sinna færri starfsmenn fleiri verkefnum en var 1992. Engin einhlít skýring er á þessu. Nefna mætti eftirtalin atriði sem skipt geta máli:

- **Lagabreytingar**

Eftirfarandi lagabreytingar frá 1992 hafa haft þau áhrif að verkefni hafa bæði aukist og minnkað. Með hjúskaparlögum nr. 31/1993 voru verkefni á sviði sífjamála færð að hluta til frá dómsmálaráðuneytinu til embætta sýslumanna. Með lögum nr. 84/1996 var lögreglustjórum falið ákærvald í flestum opinberum málum. Þannig fluttust verkefni frá embætti ríkissaksóknara til lögreglustjórnanna. Með lögum nr. 46/2006 var löggæslan færð frá sýslumannsembættinu til lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu sem hafði þau áhrif að verkefni í skrifstofuhluta minnkuðu lítillega. Tveir lögfræðingar í ca. einu og hálfu stöðugildi önnuðust saksókn og verkefni á sviði löggæslu.

- **Aukin tækni**

Aukin tækni hefur haft hér einhver áhrif til hagræðingar. Einkum gildir þetta um þinglýsingar. Fram til ársins 1999 voru þinglýsingarskjöl færð í bækur og þinglýsingarvottorð gefin út handrituð. Frá þeim tíma hefur þinglýsingarskráning verið tölvufærð. Einnig má merkja það að færri viðskiptavinir koma nú í embættið í þeim tilgangi að inna af hendi greiðslur enda hefur á seinni árum notkun heimabanka færst í vöxt.

- **Meira frelsi stofnana og minni miðstýring**

Hin síðari ár hafa verið gerðar meiri kröfur til ríkisstofnana en áður var um að þær haldi rekstri sínum innan fjárheimilda. Jafnframt var meiri ábyrgð lögð á stjórnendur þeirra. Samhliða þessu var stofnunum fengið aukið frelsi til hagræðingar á forsendum hvernar stofnunar. Á margan hátt hefur embættið nýtt sér þennan möguleika sem leitt hefur til meiri afkasta.

- **Betri vinnuaðstaða**

Embættið flutti í nýtt húsnæði á árinu 2001. Húsnæði það sem embættið var áður í var orðið of lítið og var á margan hátt óhentugt. Núverandi húsnæði var innréttað að ósk embættisins. Það hentar starfsemi mjög vel og má fullyrða að það hafi haft áhrif á aukin afköst.

- **Góður starfsandi og öflugt starfslið**

Í embættinu hefur ríkt góður starfsandi og hefur það eflt starfsgleði starfsmanna. En fyrst og síðast ber að þakka góðan árangur embættisins mjög hæfu starfsfólki sem hefur lagt sig fram um að vinna störf sín af vandvirkni og skilvirkni og náð miklum afköstum.

Á árinu hættu tveir starfsmenn sem höfðu starfað í tiltölulega stuttan tíma. Tveir starfsmenn sem áður höfðu starfað í fullu starfi óskuðu eftir að vinna í hlutastarfi.

Í árslok 2007 var meðalaldur starfsmanna 45 ár

3. Lögfræðideild

Í deildinni starfa nú 3 lögfræðingar í 2,5 stöðugildum auk lögfræðings sem er bæði skrifstofustjóri og staðgengill sýslumanns. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru fjórir. Hér er birt yfirlit yfir nokkur verkefni lögfræðideildar sem gætu verið nokkuð lýsandi fyrir umfang verkefna frá árinu 1998 til 2003.

Fjöldi mála í lögfræðideild

Ár	Fjárnámsbeiðnir	Uppboðsbeiðnir	Þinglýst skjöl	Sifjamál	Dánarbú
1998	2.388	905	12.590	343	74
1999	3.038	710	13.013	364	118
2000	4.152	928	11.538	344	93
2001	4.744	1.203	11.208	469	88
2002	6.430	1.535	12.897	515	131
2003	5.771	1.336	12.983	519	111
2004	5.046	986	14.818	433	106
2005	4.168	734	16.679	407	136
2006	4.256	757	15.015	441	118
2007	4.171	698	15.658	419	160
Breytingar					
frá 1998	75%	-23%	24%	22%	116%
frá 2002	-35%	-55%	21%	-19%	22%

3.1. Þinglýsingar

Þinglýstum skjölum hefur fjölgað um 24% frá 1998 og um 21% frá 2002. Við þinglýsingar starfa þrjú starfsmenn, þar af einn lögfræðingur. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að skrá þinglýsingar inn í tölvu. Sérstakt skráningarforrit sem nefnt hefur verið "Landskrá fasteigna" var unnið í samvinnu milli dómismálaráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins og er í vörslu þess. Embættið hefur verið þátttakandi í þessari skipulagsvinnu frá upphafi. Á árinu 1999 var hafist handa um tölvuskráningu. Í árslok 2007 var lokið við að færa hjá embættinu 93,15% af eignum inn í hið nýja forrit.

3.2. Aðfarargerðir

Frá árinu 1998 hefur fjárnámsbeiðnum fjölgað um 75%. Þeim hefur hins vegar fækkað um 35% frá árinu 2002 en þá bárust flestar beiðnir.

Fjárnám	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Beiðnum ólokið f.f.ári	659	1.046	1.773	1.584	1.129	521	484
Nýjar beiðnir	4.743	6.430	5.771	5.270	4168	4256	4171
Beiðnir alls til meðferðar	5.402	7.476	7.544	6.854	5.297	4.777	4.655
Beiðnum alls lokið	4.356	5.703	5.960	5.725	4776	4293	4168
Beiðnum ólokið 31/12	1.046	1.773	1.584	1.129	521	484	487
Aðrar aðfarargerðir							
Beiðnum ólokið f.f.ári	2	1	5	3	3	3	4
Nýjar beiðnir	9	15	11	18	19	13	19
Beiðnir alls til meðferðar	11	16	16	21	22	16	23
Beiðnum alls lokið	10	11	13	18	19	12	17
Beiðnum ólokið 31/12	1	5	3	3	3	4	6

Þrjú síðustu árin eru ólokin mál í árslok nálægt 10% af málafjölda sem var til meðferðar á árinu. Þennan árangur ber að þakka skilvirkum vinnubrögðum þar sem lögð hefur verið áhersla á að málsmeðferðartíminn verði sem skemmstur.

3.3. Nauðungarsala

Frá 2001 voru nauðungarsölubeiðnir vegna fasteigna flestar á árinu 2002 eða 1.278 en færstar á árinu 2005 eða 512. Á sama hátt voru eignir sem seldar voru nauðungarsölu flestar árin 2002 og 2003 eða 66 en fækkar síðan verulega eftir 2004. Þetta er nokkuð í samræmi við þróun í aðfararmálum eins og að framan greinir.

Fasteignir og skip	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Beiðnum ólokið frá f. ári	315	327	495	438	361	281	345
Nýjar uppboðsbeiðnir	1.016	1.278	1.096	846	512	523	577
Beiðnir alls til meðferðar	1.331	1.605	1.591	1.284	873	804	922
Beiðnum alls lokið	1.004	1.110	1.153	923	592	459	533
Beiðnum ólokið 31/12	327	495	438	361	281	345	389
Eignir í framhaldssölu	38	66	66	33	19	7	12
Útgefin afsöl	22	40	40	24	6	3	7
Lausafé	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Beiðnum ólokið frá f. ári	72	109	128	121	61	100	186
Nýjar uppboðsbeiðnir	187	296	267	140	222	234	121
Beiðnir alls til meðferðar	259	405	395	261	283	334	307
Beiðnum alls lokið	150	277	274	200	183	148	168
Beiðnum ólokið 31/12	109	128	121	61	100	186	139
Seldar eignir	9	23	22	12	8	13	4

3.5. Sifjamál

Sifjamálum hefur fjölgað síðustu árin svo sem fram kemur í yfirliti yfir mál í lögfræðideild eða um 22% frá árinu 1998 til 2007. Flest voru þau á árunum 2002 og 2003.

Sifjamál	2001		2002		2003		2004		2005		2006		2007								
	Ólokið 1/1	Ný mál	Ólokið 31/12	Ólokið 1/1	Ný mál	Ólokið 31/12	Ólokið 1/1	Ný mál	Ólokið 31/12	Ólokið 1/1	Ný mál	Ólokið 31/12	Ólokið 1/1	Ný mál							
Málaflokkar																					
Hjónavígslur/könnun	0	17	0	0	20	0	0	24	0	0	21	0	0	27	0	0	50	0	0	43	0
Staðfest samvist	0	1	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	1	0
Skilnaðarmál	4	129	12	12	131	13	13	105	7	7	119	12	12	154	16	16	161	12	12	160	17
Framfærslu/lífeyrismál	0	9	0	0	5	0	0	8	0	0	1	1	1	0	0	0	0	0	0	1	0
Faðernis/meðlagsmál	5	96	4	4	94	9	9	105	5	5	42	6	6	36	4	4	27	1	1	29	4
Almenn meðlagsmál	10	60	17	17	69	13	13	62	11	11	60	13	13	50	12	12	60	12	12	52	9
Forsjár/meðlagsmál	2	88	9	9	88	7	7	112	5	5	75	10	10	54	10	10	52	9	9	38	6
Umgengnismál	8	27	10	10	37	10	10	48	16	16	52	20	20	41	24	24	40	22	22	52	18
Dagsektarmál	0	1	0	0	0	0	0	2	1	1	0	0	0	1	0	0	1	1	1	1	1
Menntunarframlag	1	30	6	6	39	1	1	40	6	6	26	5	5	24	4	4	35	1	1	27	3
Sérstakt framlag	3	10	4	4	21	2	2	12	4	4	33	5	5	21	3	3	16	5	5	18	3
Samtals	33	468	62	62	505	55	55	519	55	55	429	72	72	408	73	73	445	63	63	422	61

3.5.1. Sáttameðferð í sífjamálum.

Á undanförunum árum hafa tveir sálfræðingar starfað að sáttamálum hjá flestum sýslumannsembættum á landinu samkvæmt samningi sem gerður var við þá að tilhlutan dómismálaráðuneytisins. Starfa þeir á grundvelli 33. gr. barnalaga nr. 76/2003. Það er mikilvægt að það náist sátt milli foreldra í sem flestum málum sem deila um umgengni og forsjá barna sinna. Slík niðurstaða er að jafnaði árangursríkari til frambúðar og er æskilegri lausn fyrir viðkomandi barn. Í 73. gr. barnalaga segir í 1. ml. 1. mgr. að sýslumaður leiti sátta með aðilum áður en hann tekur ákvörðun í ágreiningsmáli nema sáttaumleitun sé bersýnilega tilgangslaus eða aðili sinni ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns. Embættið hefur lagt áherslu á að sátt náist í sem flestum málum og því ákveðið að reyna nýjar leiðir í þessum málum sem felast í því að lögfræðingur sá sem annast þessi mál leiði sáttameðferðina í meira mæli en tíðkast hefur.

3.5.2. Námskeið í sáttamálum.

Vorið 2007 tók lögfræðingur sá sem vinnur við skilnaðarmál, umgengnismál og forsjármál þátt í námskeiði á vegum félagsins Sáttar. Námskeiðið stóð í sjö daga og var því skipt upp í þrjú hluta. Á námskeiðinu var m.a. fjallað um eðli ágreinings, þ.e. um hvers konar ágreining er um að ræða, stjórnun ágreinings, þrep sáttamiðlunar, sáttamiðlun í einkamálum, sáttamiðlun í fjölskyldumálum, hlutverk lögmanna, sáttatækni, tjáskipti og siðfræði. Námskeiðið var alþjóðlegt og var einnig tekið tillit til séríslenskra aðstæðna. Fyrirlesarar voru frá Danmörku og Englandi. Hliðsjón var haft af framtíðarkröfum Evrópusambandsins um gæði námsins og hæfni útskrifaðra sáttamanna. Námið var sambærilegt námi sáttamanna í Danmörku sem er viðurkennt af danska dómismálaráðuneytinu. Markmið námskeiðisins er að útskrifa “sáttamenn” eða mediator eins og það heitir á ensku. Sáttamiðlun er beitt í einkamálum, m.a. fjölskyldumálum, nágrennadeilum, árekstrum á vinnustað og skólum og í opinberum málum m.a. vegna afbrota ungra afbrotamanna en jafnframt í deilum milli ríkja og ólíkra menningarheima. Aðilar, með deilumál, leita til sáttmanns, til að reyna að ná sátt um deiluna, annaðhvort áður en mál er höfðað fyrir dómi eða undir rekstri dómsmáls. Sáttamiðlun er málsmeðferð þar sem sáttamaður að frumkvæði aðila leiðir ferlið og aðstoðar þá við að semja sjálfir um lausn á ágreiningi sínum. Sáttamaður er ekki ráðgjafi aðila, tekur ekki afstöðu til ágreinings þeirra og hefur ekki það hlutverk að útkljá ágreininginn. Sáttamanni ber ekki skylda til að grípa inn í ef aðilar finna lausn á deilu sinni sem er frábrugðin því sem líklegt er að yrði niðurstaða dómstóls eða stjórnvalds. Sáttamanni ber heldur ekki skylda til að tjá sig um sterka eða veika þætti í málflutningi aðila. Aðilar taka þátt í sáttamiðlun af fúsum og frjálsum vilja. Hvor/hver þeirra sem er, sem og sáttamaður, geta hvenær sem er ákveðið að binda endi á sáttamiðlunina. Þónokkur munur er því á starfi fulltrúa sýslumanna sem vinna við sífjamál og sáttamanna. Í málum þar sem sýslumaður hefur úrskurðarvald svo sem í umgengnismálum verður fulltrúi hans ávallt að vera viðbúinn því að þurfa að úrskurða um ágreininginn ef ekki næst sátt. Það er ljóst að fulltrúar sýslumanna geta ekki notað allt sem kennt er á sáttanámskeiðunum vegna þess munar sem er á því að vera sáttamaður eða fulltrúi sýslumanns í sífjamálum. En hægt er að nota tæknina og aðferðarfræðina sem kennd er í námskeiðinu.

3.5.3. Málsmeðferð í umgengnis- og forsjármálum.

Í lögum er ekki nákvæmlega mælt fyrir um hvernig mál um ágreining milli foreldra um umgengni eða forsjá barna skuli lögð fyrir sýslumann. Oftast byrja slík mál á því að það foreldrið, sem krefst breytinga á umgengni eða forsjá, sendir sýslumanni skriflegt erindi um það og þar sem settar eru fram ákveðnar kröfur gagnvart hinu foreldrinu jafnframt því

sem það gerir frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Næsta skref í meðferð málsins er að sýslumaður gefur gagnaðila kost á að tjá sig um framkomnar kröfur. Það fer eftir viðbrögðum hans hvert framhaldið verður. Oftar en ekki gerir gagnaðilinn nýjar kröfur sem leiða áfram til álitsumleitana hins aðilans. Hlutverk sýslumanns er að leiða mál til lykta með sátt, eftir atvikum með aðkomu utanaðkomandi sáttamanns að málinu hvort sem deilt er um forsjá eða umgengni, eða með úrskurði ef deilt er um umgengni.

3.5.4. Breytt verklag í umgengnis- og forsjármálum

Hér á eftir er lýst nýju verklagi í umgengnis- og forsjármálum sem byggir að nokkru á þeirri aðferðafræði sem kennd var á því námskeiði sem að framan er lýst. Það foreldri sem fer fram á breytingar á umgengni eða forsjá kemur í viðtal hjá fulltrúa sýslumanns án þess að leggja fram skriflega kröfu fyrst. Þegar aðilinn mætir í viðtalið gerir hann munnlega grein fyrir sjónarmiðum sínum, hvort sem um er að ræða forsjár-og/eða umgengnismál. Aðilanum er gefinn góður tími til að skýra mál sitt svo að fulltrúinn geti betur gert sér grein fyrir hvert sé í raun vandamálið eða ágreiningsefnið. Eftir að hafa gefið aðila góðan tíma og hlustað vel á sjónarmið hans sinnir fulltrúinn leiðbeiningarskyldu sinni. Það skiptir miklu máli að fulltrúinn geri ítarlega grein fyrir meginsjónarmiðum barnalaga, og þeim venjum sem myndast hafa á þessu sviði á síðastliðnum árum. Fulltrúinn verður að gæta að honum ber að leiðbeina aðilum en ekki ráðleggja. Aðilinn má ekki taka leiðbeiningum fulltrúans þannig að það sé verið að þrýsta á hann að samþykkja eitthvað eða breyta sínu sjónarmiði, sem hann er ekki tilbúinn til að samþykkja. Fulltrúinn reynir að fá aðilann til að einbeita sér að því sem raunverulega skiptir máli, sem eru hagsmunir barnsins. Með þessum hætti er reynt að afmarka deiluefnið. Að undirbúningi þessum loknum er fyrirtaka í málinu skráð með formlegum hætti þar sem kemur fram hver sé kröfugerð aðilans. Með þessum hætti, þ.e. að fá aðilann ávallt til að mæta til viðtals við fulltrúa, í stað þess að leggja fram skriflega greinargerð, verða kröfur aðilans mun afmarkaðari og skýrari en ella. Gagnaðili er næst boðaður til fyrirtöku vegna málsins og er honum gefinn kostur á að tjá sig um málið. Þess er gætt að leiðbeiningarskyldu sýslumanns sé vel sinnt og reynt að hafa stjórn á umræðunni með þeim hætti er að ofan greinir. Eftir að hafa átt fund með báðum aðilum metur fulltrúinn hvort einhverjar líkur séu á að sátt náist í málinu. Ef talið er að sátt muni ekki nást í málinu er það tekið til úrskurðar ef um umgengnismál er að ræða eða fellt niður ef málið varðar forsjá. Áður en málið er tekið til úrskurðar er aðilum gefinn kostur á að koma með greinargerðir eða biðja um viðtal við fulltrúa sýslumanns til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri.

Í þeim málum þar sem væntanlegt er að sættir muni nást eru aðilar boðaðir á ný, annað hvort saman eða í sitthvoru lagi. Aðilar eru ekki boðaðir saman nema að báðir séu samþykkir því. Fulltrúi sýslumanns stjórnar umræðum og reynir að fá hvorn aðila fyrir sig til að skilja og sjá að það eru til fleiri sjónarmið en eitt án þess þó að þeir þurfi að vera þeim sammála. Það er reynt að fá aðila til að hlusta á hvorn annan og reyna að setja sig í spor hvors annars. Smám saman er deiluefnið afmarkað frekar og aðilarnir aðstoðaðir við að einbeita sér að því sem raunverulega skiptir máli. Á meðan samningaumleitanið fara fram er mikilvægt að vera með samantekt og umorðun, það hjálpar aðilunum að sjá betur heildarmyndina, svo sem hvaða árangur hefur þegar náðst og hvaða málefni á eftir að leysa. Eftir að deiluefnið hefur verið afmarkað hefst hugsanaflæði. Með hugsanaflæði er átt við að aðilarnir eru beðnir um að koma með allar þær hugmyndir að lausn á málinu sem þeir geta hugsað sér, hvort sem sú hugmynd sé framkvæmanleg á þessu stigi eða ekki. Aðilarnir eru fengnir til að taka ábyrgð á deilu sinni og finna lausn á henni. Það eru þeir sem þurfa að fara eftir þeim samningi sem verður gerður og þeir vita best hvað það er

sem hentar þeim. Fulltrúinn skal að jafnaði ekki koma sjálfur með hugmynd en ef samningsumleitunirnar reka í strand þá getur hann komið með nokkrar hugmyndir og í framhaldinu koma aðilarnir sjálfir oft með frekari tillögur. Ástæðan fyrir því að fulltrúinn skal að jafnaði ekki koma með einungis eina hugmynd er sú að þá geta aðilarnir litið svo á að lokasamningur hafi verið samkvæmt ráðleggingu fulltrúans og ef samningurinn kemur ekki til með að ganga upp þá er hægt að vísa ábyrgðinni á fulltrúann. Það má segja að sáttaumleitunin skiptist í sex eftirfarandi stig: 1)Móttaka aðila þar sem hann gerir fulltrúa sýslumann óformlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og nýtur leiðbeininga hans, 2)upplýsingaöflun, 3)afmörkun ágreiningsefnisins, 4)samantekt og umorðun, 5)hugsanaflæði og 6)gerð samnings. Á öllum stigum málsins er metið hvort ástæða sé til að senda málið til sátta meðferðar hjá sérfræðingi samkvæmt 33. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Í nokkrum tilfellum hefur fyrsta viðtal aðila við fulltrúa sýslumanns leitt til þess að aðilinn hefur ekki séð ástæðu til þess að halda áfram með málið. Þess í stað hefur hann ákveðið að freista þess að ná samkomulagi við gagnaðilann án milligöngu sýslumanns, eða talið að það mun ekki þjóna hagsmunum barnsins að fara í umgengnismál sem rekið yrði hjá sýslumanni eða höfða forsjármál fyrir dómstólum. Slíkt viðtal er ekki skráð sem mál í málakerfi sýslumanns og er því ekki talið með í málátöflu sem birt er hér að framan. Af þessum sökum eru skráð umgengnismál eitthvað færri en þau hefðu verið með hinni hefðbundnu málsmeðferð.

Það er álit embættisins að verklag sem lýst er hér að framan skili meiri árangri en sú málsmeðferð sem tókast hefur almennt hjá sýslumönnum í umgengnis- og forsjármálum. Með hinni hefðbundnu aðferð, þar sem mál byrjar með framlagningu kröfubréfs aðila um breytta umgengni eða forsjá og þar sem stundum eru rifjuð upp viðkvæm deilumál frá fyrri tíð og stundum ásakanir í garð hins aðilans, fjarlægjast aðilar og deilan harðar fremur en hitt. Þótt mikil vinna sé lögð í viðtöl við aðila og undirbúning að lausn málsins þá er það álit þess fulltrúa sem unnið hefur að þessum málum að þegar á heildina er litið spari það frekar vinnu en ekki. Í öllu falli er það heppilegri endir á þrætu í þessum málum að sátta náist milli aðila. Geta má þess að á árinu 2007 voru aðeins kveðnir upp þrjú úrskurðir í umgengnismálum en á árinu voru 52 ný umgengnismál skráð.

3. 6. Dánarbú

Frá árinu 1998 til 2007 fjölgaði dánartilkynningum í Kópavogi um 116% og um 22% frá árinu 2002.

Dánarbú	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Ólokið f. f. ári	26	29	28	32	23	39	24
Ný mál	88	131	111	105	141	118	160
Ólokið í árslok	29	28	32	23	39	24	43

3. 7. Önnur mál

Hér eru tilgreind nokkur verkefni.

Löggræðismál og lögbókandagerðir

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Löggræðismál	37	37	27	55	87	62	40
Lögbókandagerðir	51	80	58	66	104	118	145

Skránig kaupmála og firmaskráning

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skráning kaupmála	26	30	30	29	32	30	29
Skráning firma	23	14	16	8	9	7	21

Utankjörfundarkosning

Á árinu 2007 fóru fram kosningar til Alþingis. Utankjörfundaratkvæði námu samtals 1431 atkvæðum.

3.8. Útgáfa á leyfum og skírteinum

Leyfi samkvæmt umferðarlögum	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Umsóknir um ökuskírteini	2287	1835	1946	1931	2253	2235	2716
Æfingaakstursleyfi	912	944	1082	1576	1708	1982	1756
Önnur leyfi	4	5	19	57	67	69	93
Samtals	3203	2784	3047	3564	4028	4286	4565

Vegabréf	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi umsókna	1567	1445	2165	2616	3267	6791	7217

Meistarabréf og ýmis leyfi	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Meistarabréf og önnur atvinnuréttindi	43	15	14	14	48	31	27
Veitingahús, gistaðir, skemmtanir o. fl.	18	17	1	9	26	32	36

Á árinu 2007 var gerð breyting á lögum um veitingastaði, gistihús og skemmtanir.

4. Innheimtudeild

Innheimtudeildin er fjölmennust. Í deildinni starfa að jafnaði fjórir til fimm starfsmenn auk deildarstjóra sem hefur daglega verkstjórn með höndum. Gjaldkerar eru þar ekki taldir með þótt störf þeirra lúti að langmestu leyti að störfum vegna innheimtunnar. Samkvæmt skipuriti heyrir deildin beint undir skrifstofustjóra sem er jafnframt innheimtustjóri embættisins.

Til þess að gefa hugmynd um ýmsar innheimtuaðgerður er birt eftirfarandi tafla.

Innheimtuaðgerðir	2003	2004	2005	2006	2007
Aðfararbeiðir	2.662	2.541	2.305	2.581	2.207
Nauðungarsölubeiðir	378	229	375	297	192
Gjaldþrotabeiðir	62	50	67	29	36

Innheimtuárangur

Gjöld	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Staðgreiðsla SK	96,60%	98,00%	98,18%	98,67%	98,75%	98,45%	98,19%
Virðisaukaskattur (nettó)	97,37%	98,07%	98,32%	98,90%	99,12%	98,96%	98,34%
Opinber gjöld einstaklingar	84,66%	82,53%	76,39%	79,26%	80,55%	81,38%	80,67%
Opinber gjöld félög	89,27%	83,40%	89,56%	94,94%	94,71%	88,95%	84,83%
Bifreiðagjöld	98,43%	98,30%	98,87%	99,15%	99,22%	99,19%	99,31%

Ártölin í töflunni hér að ofan vísa til þess hvenær gjöldin voru lögð á. Innheimtuárangur er miðaður við stöðuna eins og hún er 1. júlí árið eftir að gjöldin voru lögð á. Endanlegur innheimtuárangur er því nokkuð hærri heldur en þær tölur sem birtast á yfirlitinu gefa til kynna og nálgast 100% í mörgum tilvikum.

Þjónustudeild tollstjóraembættisins í Reykjavík vinnur ýmsar tölulegar upplýsingar varðandi innheimtuna hjá öllum innheimtuembættum landsins. Í töflu þeirri sem birtist hér að framan eru aðeins tekin nokkur gjöld sem gætu verið nokkuð lýsandi mælikvarði á innheimtuárangur. Embættið hefur kappkostað að ná sem bestum árangri í innheimtu opinberra gjalda. Þegar metinn er innheimtuárangur er einkum tvennt haft í huga. Annars vegar árangur embættisins á hverju ári samanborið við fyrri ár og hins vegar er samanburður gerður miðað við árangur á landsvísi. Feitletraðar tölur á yfirlitinu segja til um að innheimtuárangur sé yfir landsmeðaltali. Innheimtuárangur er yfir landsmeðaltali í öllum gjöldum á árinu 2007 nema virðisaukaskatti en þar er innheimtuárangur lítillega undir landsmeðaltali.

5. Tryggingadeild

Almannatryggingar taka til eftirtalinnna trygginga; lífeyristrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga. Samkvæmt lögum annast Tryggingastofnun ríkisins almannatryggingar og hefur stofnunin aðalskrifstofu í Reykjavík. Utan Reykjavíkur annast sýslumenn umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs. Í tryggingadeildinni sem annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina starfa 3 starfsmenn. Í töflu hér að neðan er að finna helstu tölur um starfsemi umboðsins.

Lífeyristryggingar

	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi úrskurða	8.525	8.108	5.567	5.289	5.353	5.573
Lífeyristryggingar	1.657.501	2.004.188	2.228.378	2.430.324	2.510.431	3.051.683
Félagsleg aðstoð	593.063	646.811	635.200	663.479	702.570	508.245
Slysatryggingar	5.031	4.521	5.712	4.776	4.933	5.074
Vistunarmál				42.836	41.209	81.750
Meðlög						272.142
Fjárhæðir samtals	2.255.595	2.655.520	2.869.290	3.141.415	3.259.143	3.918.894

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

IV.

Nokkur atriði er varða stjórnun embættisins, félagsmál o. fl.

1. Aðgerðir á grundvelli árangursstjórnunarsamnings.

Í ársbyrjun 2004 var gengið frá árangursstjórnunarsamningi milli sýslumannsembættisins og dómismálaráðuneytisins og var hann undirritaður af dómismálaráðherra og sýslumanni hinn 19. janúar 2004.

Á grundvelli árangursstjórnunarsamningsins var gerð á árinu 2004 langtímaáætlun til ársins 2007. Áætlunin byggir á þeim markmiðum sem sett eru fram í árangursstjórnunarsamningnum. Rétt þykir að taka hér upp eftirfarandi atriði úr langtímaáætluninni:

Framtíðarsýn:

- Embættið vill vera framsækið á öllum sviðum, ná árangri í starfi og uppfylla kröfur viðskiptavina um góða og skilvirka þjónustu og væntingar ráðuneyta um árangur í starfi.
- Stefnt er að því að embættið hafi ávallt á að skipa ánægðu og vel upplýstu starfsfólki sem hefur aðstöðu og tækifæri til að tileinka sér þekkingu og nýjungar á starfssviði sínu.

Embættið lítur á eftirtalin fjögur atriði sem hornsteina góðs árangurs og hefur þau að leiðarljósi:

1. Góð þjónusta

Að embættið uppfylli skyldur sínar eins vel og kostur er gagnvart viðskiptavinum sínum og þeim ráðuneytum eða stofnunum sem embættið hefur samskipti við

2. Vandvirkni.

Að allar úrlausnir verði unnar á faglegan og vandaðan hátt og í samræmi við þær reglur sem um starfsemina gilda.

3. Skilvirkni.

Verkefni verði unnin á eins skömmum tíma og kostur er án þess að það komi niður á verkgæðum.

4. Hagkvæmni.

Að embættið verði rekið á sem hagkvæmasta hátt og að markmiðum verði náð án þess að embættið fari fram úr fjárheimildum.

Ekki verður fullyrt hvernig til hefur tekist. Til þess skorti ítarlegri upplýsingar.

Af þeim markmiðum sem embættið hefur sett sér voru m. a. eftirfarandi:

- **Að embættið verði rekið á sem hagkvæmasta hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar eru hverju sinni.** Þetta markmið hefur tekist að ná prýðilega öll undanfarin ár þrátt fyrir að fjárveitingar hafi ekki hækkað umfram verðlagshækkningar um umsamdar kauphækkningar samkvæmt kjarasamningum. Vísast um þetta nánar til kafla II hér að framan.

- **Að mótuð verði heildarstefnu á sviði starfsmannamála, þar sem kveðið er m. a. á um endurmenntun og þjálfun starfsmanna og jafnréttismál.**
Á árinu 2005 var mótuð starfsmannastefna sem embættið og starfsmenn hafa unnið eftir.

2. Starfsmannastefna

Hér á eftir eru tilgreind verkefni sem unnið var að á árinu 2007 á grundvelli starfsmannastefnunnar.

2.1. Starfsmannaviðtöl

Á grundvelli starfsmannastefnunnar voru tekin upp starfsmannaviðtöl á árinu 2007.

2.2. Heilbrigðisstefna

Í starfsmennastefnunni er mótuð heilbrigðisstefna. Í henni segir m.a. þetta:

- Embættið vill tryggja góða vinnuaðstöðu og öryggi starfsmanna á vinnustað.
- Embættið og starfsmenn þess eru sammála um mikilvægi þess að efla heilsuvernd starfsmanna og eru sammála um að vinna sameiginlega að þessu markmiði.

Í samræmi við þessa stefnu greiddi embættið kostnað við heilsufarsskoðun sem starfsmönnum var boðið upp á, þar sem lögð var áhersla á blóðfitumælingar og blóðþrýstingsmælingar ásamt því að hverjum starfsmanni gafst tækifæri á að ræða við hjúkrunarfræðing um heilsufar sitt, mataræði og fleira varðandi holla lífshætti.

Undir stjórn iðjubjálfa var gerð athugun á starfsaðstöðu hvers og eins starfsmanns og unnin skýrsla um þá skoðun.

Mælt var ljósmagn á hverri starfsstöð í embættinu og gerð um það skýrsla.

Haldið var áfram, sem byrjað var á árinu, að kaupa ávexti fyrir starfsólk.

Tekin var upp sú skipan að greiða fyrir kostnað við líkamsrækt eða sundkort.

2.3. Fræðslustefna

Fylgt var fræðslustefnu embættisins. Var það fyrst og fremst gert með þátttöku í fræðsluáætlun “Járnsíðu”. Embættið hefur frá upphafi stutt fræðsluverkefnið og lagt til kennslustofu til námskeiðahalds.

3. Félagsmál starfsmanna

Það er árlegur atburður að starfsfólki embættisins ásamt starfsfólki sem látið hefur af störfum er boðið að snæða hangikjöt í hádeginu einhvern virkan dag í desember. Svo var einnig á þessu ári. Þetta hefur mælst vel fyrir einkum hjá starfsfólki sem látið hefur af störfum

3.1. Starfsmannaferð

Haustið 2007 var farin starfsmannaferð á vegum starfsmannafélagsins og embættisins á Þingvöll. Fyrir ferðina voru haldnir fræðslufundir í embættinu þrjá morgna þar sem eftirfarandi fyrirlesarar fjölluðu um ýmis málefni:

- Sigurður Líndal lagaprófessor hélt erindi um sögulegan þátt Þingvalla og þinghaldið til forna. Hann var jafnframt leiðsögumaður í ferðinni.
- Páll Einarsson, jarðeðlisfræðingur hélt fyrirlestur um jarðfræði á Þingvallasvæðinu.
- Einar Sæmundsen, sem er í fyrirsvari fyrir þjónustumiðstöðina á Þingvöllum hélt fyrirlestur um Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Undir stjórn Sigurðar Líndal var þingstaðurinn skoðaður og að því búnu var snæddur kvöldverður í Valhöll.

